

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Hvernig hefur þú farið með nafn mitt?

Öldungur Mervyn B. Arnold
af hinum Sjötíu

Þegar George Albert Smith forseti var ungur birtist látinn afi hans, George A. Smith, honum í draumi og spurði: „Mig langar að vita hvernig þú hefur farið með nafn mitt.“ Smith forseti svaraði: „Ég hef ekkert gert við nafn þitt sem þú þarft að fyrirverða þig fyrir.“¹

Við gerum sáttmála og lofum í hverri viku, er við meðtökum sakramentið, að við séum fús til að taka á okkur nafn Krists, ávallt minnst hans og halda boðorð hans. Ef við erum fús til að gjöra svo, er okkur lofað þeirri dásamlegu blessun – að andi hans sé ætíð með okkur.²

Rétt eins og George Albert Smith forseti þurfti að gera afa sínum grein fyrir því hvernig hann hefði farið með nafnið hans, svo munum við öll þurfa dag einn að gera frelsara okkar, Jesú Kristi, grein fyrir því hvernig við höfum farið með nafnið hans.

Fjallað er um mikilvægi góðs mannorðs í Orðskviðunum, en þar lesum við „Gott mannorð er dýrmætara en mikill auður, vinsæld er betri en silfur og gull“³ og „minning hins réttláta verður blessuð.“⁴

Margar minningar um hið góða mannorð og þá arfleifð sem foreldrar mínir létu mér og systkinum mínum eftir streyma inn í huga minn er ég íhuga þessar ritningargreinar og mikilvægi þess að eiga gott mannorð. Foreldrar mínir voru ekki rík af gæðum þessa heims, né áttu þau gull og silfur. Við vorum nú samtals og á heimili okkar voru tvö svefnherbergi og eitt baðherbergi ásamt yfirbyggðri verönd baka til, þar sem systur mínar sváfu. Eftir andlát foreldra minna komum við systkinin saman til að skipta með okkur veraldlegum eigum þeirra, sem ekki voru margar. Móðir mín skildi eftir sig fáeina vel straujaða kjóla, nokkur notuð húsgögn og fáeina aðra persónulega muni. Faðir minn skildi eftir sig eitthvað af smíðaverkfærum, nokkra gamla veiðiriffla og lítið annað. Það eina sem hægt var að meta til fjár var látlaut húsið og sparnaðarreikningur sem hafði að geyma smáfjárhæð.

Saman grétum við og færðum þakkir, því við vissum að þau höfðu látið okkur eftir nokkuð sem var miklu verðmætara en gull og silfur. Þau höfðu gefið okkur ást sína og

tíma sinn. Oft höfðu þau borið vitnisburð sinn um sannleiksgildi fagnaðarerindisins og getum við nú lesið hann í dýrmætum dagbókum þeirra. Ekki endilega í eiginlegum orðum heldur meira sem fordæmi. Þau höfðu kennt okkur að leggja hart að okkur, vera heiðarleg og greiða fulla tíund. Þau höfðu einnig alið með okkur þrá eftir að afla okkur menntunar, þjóna í trúboði og, það sem er mikilvægast, finna eilífan félagu til að giftast í musterinu, og standa stöðug allt til enda. Með sanni létu þau okkur eftir gott mannorð, sem við verðum ævinlega þakklát fyrir.

Þegar hinn ástkæri spámaður Helaman og eiginkona hans hlutu þá blessun að eignast tvo syni nefndu þau þá Lehi og Nefi. Helaman útskýrði fyrir sonum sínum af hverju þeir væru nefndir eftir tveimur af forfeðrum sínum, sem höfðu lifað tæplega 600 árum áður. Hann sagði: „Sjá, synir mínir ... ég hef gefið ykkur nöfn forfeðra okkar [Lehi og Nefi] ... og þetta hef ég gjört, til þess að þið minnst þeirra, er nöfn ykkar koma upp í huga ykkar .. þá minnst þið *verka þeirra*. Og þegar þið minnst *verka þeirra*, þá megið þið *vita, að sagt er og einnig ritað, að þau voru góð*. Þess vegna vil ég, synir mínir, að þið gjörið það, sem gott er, *svo að um ykkur verði sagt og einnig ritað einmitt það sama og sagt var og ritað um þá ... svo að þið megið eignast hina dýrmetu gjöf eilífs lífs*.“⁵ Bræður og systur, hvernig verður nafna okkar minnst eftir 600 ár?

Moróni kenndi hvernig við getum tekið á okkur nafn Krists og þar með verndað okkar eigin mannorð, hann sagði: „Og enn vil ég hvetja yður *að koma til Krists* og höndla *hverja góða gjöf og snerta ekki hina illu gjöf, né það, sem óhreint er ... Já, komið til Krists*, fullkomnist í honum og hafnið öllu óguðlegu.“⁶

Í innblásna bæklingnum *Til styrktar æskunni* lesum við, að sjálfræði sé eilíf kenning sem kemur frá Guði og felur í sér siðferðislega ábyrgð á eigin vali. ... „Þótt [okkur] sé frjálst að velja að eigin vilja, [munum við] ekki ráða afleiðingum gjörða [okkar]. Þegar [við tökum] ákvörðun, [munum við] taka afleiðingum þeirrar ákvörðunar.“⁷

Stuttu eftir að Devonna og ég giftum okkur sagði hún mér frá því hvernig hún hafi lært sem unglingur þessa mikilvægu kenningu, að okkur sé frjálst að velja, en við getum ekki valið afleiðingar gjörða okkar. Mig langar með hjálp dóttur minnar, Shelly, að segja ykkur frá lexíu systur Arnolds:

„Þegar ég var 15 ára gömul fannst mér oft að það væru of margar reglur og boðorð. Ég var ekki viss um að venjulegur unglingur, sem hafði gaman af að skemmta sér, gæti notið lífsins með svo mikið af höftum. Enn fremur voru hinar fjölmörgu vinnustundir á býli föður míns farnar að taka vænan toll af tímanum með vinum mínum.

Eitt af verkefnum mínum þetta sumar var að sjá til þess að kýrnar, sem voru á beit í högunum upp til fjalla, myndu ekki komast í gegnum girðinguna og inn á hveitiakurinn. Kýr sem étur vaxandi hveitikorn getur þrútnað út og dauði hlotist af. Sérstaklega var það

ein kýr sem alltaf reyndi að stinga höfðinu í gegnum girðinguna. Dag einn reið ég á hesti mínum meðfram girðingunni til að fylgjast með nautgripunum og sá þá að þessi tiltekna kýr hafði komist í gegnum girðinguna og inn á hveitiakurinn. Mér varð brugðið þegar ég gerði mér ljóst að kýrin hafði etið hveiti dágóða stund. Hún var þegar farin að tútna vel út og var eins og útþanin blaðra. Ég hugsaði með mér: „Heimska kýr! Þessi girðing er höfð þarna til að vernda þig, en samt brýstu í gegn og hefur nú etið svo mikið af hveiti að þú ert í lífshættu.“

Ég flýtti mér aftur heim til að sækja pabba. Þegar ég kom til baka lá hún hins vegar dauð á jörðinni. Ég varð leið yfir þessum missi. Við höfðum séð henni fyrir fögrum haga í fjöllum til beitar og sett upp girðingu til að vernda hana fyrir hættulegu hveitinu, en samt hagaði hún sér kjánalega, braut sér leið gegnum girðinguna og olli sjálfri sér dauða.

Þegar ég íhugaði tilgang girðingarinnar varð mér ljóst að hún væri vörn, rétt eins og boðorðin og reglur foreldra minna eru vörn. Boðorðin og reglurnar eru sjálfri mér til góðs. Mér varð ljóst að hlýðni við boðorðin gæti bjargað mér frá líkamlegum og andlegum dauða. Þessi fræðsla varð þungamiðjan í lífi mínu.“

Systir Arnold lærði að góður, vitur og kærleiksríkur faðir á himnum hafði veitt okkur boðorð – ekki til að hefta okkur eins og andstæðingurinn telur okkur trú um – heldur til að blessa líf okkar og vernda mannorð okkar og arfleifð fyrir komandi kynslóðir, rétt eins og þau höfðu gert fyrir Lehi og Nefi. Rétt eins og kýrin, sem varð að taka afleiðingunum af vali sínu, verðum við að læra að grasið er *aldrei* grænna hinumegin girðingar –né mun það nokkurn tíma verða svo – því „aldrei hefur hamingjan falist í ranglæti.“⁸ Öll verðum við að taka afleiðingunum af vali okkar þegar þessu lífi lýkur. Boðorðin eru skýr, þau vernda, þau hamla ekki og hinar dásamlegu blessanir hlýðninnar eru óteljandi!

Himneskur faðir vissi að við myndum öll gera mistök. Ég er svo þakklátur fyrir friðþæginguna, sem veitir okkur svigrúm til að iðrast, gera nauðsynlegar breytingar, svo við getum á ný verið eitt með frelsara okkar og fundið hina sætu friðartilfinningu fyrirgefningarinnar.

Frelsarinn býður okkur daglega að hreinsa mannorð okkar og snúa aftur í návist hans. Hvatning hans er uppfull af kærleika og mildi. Ímyndið ykkur með mér faðm frelsarans er ég les orð hans: „Viljið þér nú ekki snúa til mín og iðrast synda yðar og snúast til trúar, svo að ég megi gjöra yður heila?“⁹

Í dag langar mig til að veita ykkur sömu áskorun og foreldrar mínir, sem minnst verður að eilífu vegna góðs mannorðs síns, veittu mér: Ímyndið ykkur frelsarann standa ykkur við hlið, áður en þið framkvæmið, og spyrjið ykkur sjálf: „Myndi ég hugsa þetta, myndi ég segja þetta eða myndi ég gera þetta, vitandi að hann væri við hlið mér?“ Því þar er hann svo sannarlega. Hinn ástkæri Thomas S. Monson forseti, sem ég ber vitni um að er

spámaður, vitnar oft í eftirfarandi ritningargrein þegar hann talar um Drottin okkar og frelsara: „Því að ég mun fara fyrir yður. Ég mun verða yður til hægri handar og til þeirrar vinstri, og andi minn mun vera í hjörtum yðar.“¹⁰

Á hinum dýrðlega degi, þegar við stöndum frammi fyrir ástkærum frelsara okkar og gerum honum skil á því hvernig við höfum farið með nafn hans, megum við þá geta sagt: „Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna.“¹¹ „Ég hef heiðrað nafn þitt.“ Ég vitna að Jesús er Kristur, hann dó svo við mættum lífa. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. *Presidents of the Church*, Student Manual (Church Educational System manual), 2003, bls. 134.
2. Sjá K&S 20:77.
3. Okv 22:1.
4. Okv 10:7.
5. He 5:6–8, leturbreyting hér.
6. Moró 10:30, 32; leturbreyting hér.
7. *Til styrktar æskunni*, (bæklingur 2004), bls 4.
8. Alma 41:10.
9. 3 Ne 9:13.
10. K&S 84:88.
11. 2 Tím 4:7.